

# Skólaráðsfundur í Hrafnagilsskóla

## 20. nóvember 2017 klukkan 15:00 á bókasafni skólans.

Í skólaráði þetta skólaár sitja:

Hrund Hlöðversdóttir skólastjóri  
María Gunnarsdóttir kennari  
Dagmar Þóra Sævarsdóttir kennari  
Helga Berglind Hreinsdóttir fulltrúi foreldra  
Margrét Aradóttir fulltrúi starfsmanna  
Valur Ásmundsson fulltrúi foreldrafélags  
Adda Bára Hreiðarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins  
Gottskálk Leó Geirþrúðarson fulltrúi nemenda  
Eva Líney Reykdal fulltrúi nemenda

Mætt: Eva Líney, Gottskálk, Margrét, Valur, Adda Bára, Helga Berglind, Dagmar og Rund.  
Rund fór yfir tilgang skólaráðs og reglur.

### Fundarefni:

1. Skólanámskrá og Starfsáætlun Hrafnagilsskóla 2017 - 2018 (lagt til kynningar).  
Plagg sem gert er á hverju ári og er nokkuð óbreytanlegt á milli ára. Starfsáætlunin breytist aðeins. Efni til kynningar.
2. **Sjálfsmatsskýrslur 2016 - 2017 og Umbótaáætlun 2017 - 2018** (til kynningar).  
Rund fór yfir hvernig hún vinnur sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlun. Rund fór aðeins yfir efni umbótaáætlunar og hvenær áætlað er að endurmeta þætti hennar. Ein umbótaáætlun fyrir skólann. Hún spurði hvort skólaráð væri til í að vera innramatsteymi á vorönninni við endurskoðun umbótaáætlunar. Enginn mótmælti því og telst því samþykkt.
3. **Hugmyndir varðandi skólalóð.**  
Staðið hefur til í mörg ár að bæta við leiktækjum á skólalóðina. Komið er grænt ljós á að bæta við leiktækjum. Rund stakk upp á að fá fleiri gúmmímtottur, rólur og kastala sunnan við yngsta stig. Einnig útiborðtennisborð. Sennilega farið í þetta á næsta ári. Stjórn foreldrafélagsins býið að koma með hugmyndir. Skólaráð fær líklega að fjalla um einhverjar hugmyndir. Rætt um hvaða leiktæki væru sniðug, s.s. kastali sem væri með íverustöðum frekar en miklu klifri, fleiri rólur, lægri körfur, „jafnvægisplankar eins og eru í Oddeyrarskóla“, hreyfistöðvar svipaðar og eru í Oddeyrarskóla og snúningstæki sem hægt er að sitja í. Mikilvægt að þetta verði rætt í öllum ráðum sem koma að skólamálum.
4. **Tölvur og tækni. Að stíga inn í framtíðina.**  
Tekin hafa verið mjög hæg skref í tæknimálum síðustu ár. Stefnt er á að taka stærri skref og nú vantar fleiri tæki. Höfum skoðað hvernig þetta er í Ársskóla, (Björk, Rund, Ólafur sveitastjóri og Stefán). Rund sagði frá heimsókninni og hvernig þetta er gert þar, t.d. sýndargleraugu, ípadar o.fl. Mismunandi leiðir varðandi ípadana og aðrar tölvur. Stefnt að því að koma þessu í gagn við næstu skólaár. Ráðinu líst almennt vel á hugmyndina.

3. **Erindi frá stjórn foreldrafélagsins** þar sem kallað er eftir stefnu Hrafnagilsskóla hvað varðar notkun samfélagsmiðla til miðlunar mynda og upplýsinga þannig að bæði foreldrar og starfsfólk hafi einhverjar viðmiðunarreglur til að styðjast við. Hrund mun víða að sér frekari upplýsingum varðandi málið frá öðrum skólum. Vitnaði einnig í handbók starfsmanna. Málið rætt frá hinum ýmsu sjónarhornum. Skólaráð mun fjalla um þetta mál áfram á fundunum á vorönn.

4. **Önnur mál.**

Engin önnur mál rædd.

Fundargerð rituðu Dagmar og Helga Berglind  
Fundu slitið 16:10